

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Parkódín forte 500 mg/30 mg filmuhúðaðar töflur

parasetamól og kódeinfosfat

#### Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

#### Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Parkódín forte og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Parkódín forte
3. Hvernig nota á Parkódín forte
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Parkódín forte
6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

#### 1. Upplýsingar um Parkódín forte og við hverju það er notað

Lyfið heitir Parkódín forte.

Parkódín forte inniheldur tvær mismunandi tegundir verkjalyfja sem kallast parasetamól og kódein (sem kódeinfosfathemihýdrat). Kódein tilheyrir flokki lyfja sem kallast ópíóíð verkjalyf. Parkódín forte má nota hjá börnum eldri en 12 ára gegn tímabundnum miðlungsalvarlegum til alvarlegum verkjum sem önnur verkjalyf svo sem parasetamól eða íbúprófen duga ekki gegn ein sér.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknisins og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

#### 2. Áður en byrjað er að nota Parkódín forte

##### Ekki má nota Parkódín forte:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir kódeini, parasetamóli eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6). Einkenni ofnæmisviðbragða eru m.a. útbrot og öndunarvandamál. Einnig getur komið fram þroti í fótleggjum, handleggjum, andliti, hálsi eða tungu
- ef þú færð alvarleg astmaköst eða ert með alvarleg öndunarvandamál
- ef þú hefur nýlega fengið höfuðáverka
- ef þú ert með alvarleg lifrarávandamál
- ef lækinn hefur sagt þér að þú sért með hækkaðan þrýsting í höfðinu. Einkenni þessa eru m.a.: höfuðverkur, ógleði og þokusýn
- ef þú hefur nýlega farið í aðgerð á lifur, gallblöðru eða gallrás
- ef þú tekur lyf við þunglyndi sem kallast MAO-hemlar eða hefur tekið þau á síðastliðnum 2 vikum. MAO-hemlar eru lyf svo sem móklóbemíð, fenelzín eða tranýlkýpramín (sjá „Notkun annarra lyfja samhliða Parkódín forte“)
- ef þú ert með bráða áfengissýki
- ef þú ert kona með barn á brjósti
- ef þú veist að þú umbrýtur kódein mjög hratt yfir í morfín.

Ekki taka Parkódín forte í lengri tíma en lækurinn segir þér að gera.

Ekki nota þetta lyf til verkjastillingar hjá börnum og unglingum (0-18 ára) eftir háls- eða nefkirtlatöku vegna kæfisvefnshéilkennis.

### **Varnaðarorð og varúðarreglur**

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Parkódín forte er notað:

- ef þú ert með alvarleg nýrnvandamál
- ef þú ert með lifrарvandamál
- ef þú ert með þvaglátsvandamál eða vandamál tengd blöðruhálskirtli
- ef um er að ræða vanstarfsemi í skjaldkirtli
- ef þú ert með ópíóíðávana
- ef þú ert með vandamál í nýrnahettum
- ef þú ert með vandamál í þörmum svo sem ristilbólgu eða Crohns sjúkdóm eða þarmastíflu
- ef þú ert aldraður/öldruð
- ef þú ert blóðlaus (of fá rauð blóðkorn)
- ef þú ert vannærð/ur eða þjáist af vöskvaskorti
- ef sá sem á að taka töfluna er yngri en 18 ára og er með öndunarvandamál
- ef þú finnur fyrir verkjum eða aukinni næmi fyrir verkjum (ofursársaukanæmi) sem breytist ekki við hærri skammt af lyfinu þínu.

Hafðu samband við læknum ef þú finnur fyrir miklum verkjum í efri hluta kviðar sem hugsanlega leiðir í bakið, ógleði, uppköstum eða hita þar sem þetta gætu verið einkenni sem tengjast bólgu í brisi (brislbólgu) og gallvegum.

### **Þol, ávanabinding og fíkn**

Þetta lyf inniheldur kódeín sem er ópíóíðlyf. Það getur valdið ávanabindingu og/eða fíkn.
---

Endurtekin notkun ópíóíða getur leitt til þess að lyfið hefur minni áhrif (þú venst því, þekkt sem þol). Endurtekin notkun Parkódín forte getur einnig leitt til ávana, misnotkunar og fíknar sem geta valdið lífshættulegri ofskömmtun. Hættan á þessum aukaverkunum getur aukist með stærri skammti og lengri notkunartíma.

Ávanabinding eða fíkn geta valdið því að þér finnst þú ekki lengur hafa stjórn á því hversu mikið magn af lyfinu þú þarft að taka eða hversu oft þú þarft að taka það.

Hættan á að verða háð(ur) eða haldin(n) fíkn er mismunandi eftir einstaklingum. Þú gætir átt meiri hættu á verða haldin(n) fíkn eða verða háð(ur) Parkódín forte ef:

- Þú eða einhver í fjölskyldu þinni hefur einhvern tíma misnotað eða verið háð(ur) áfengi, lyfseðilsskyldum lyfjum eða fíkniefnum („haldin(n) fíkn“).

- Þú reykir.

- Þú hefur einhvern tíma átt í vandræðum varðandi geðslag (þunglyndi, kvíða eða persónuleikaröskun) eða hefur verið í meðferð hjá geðlækni vegna annarra geðsjúkdóma.

Ef þú tekur eftir einhverju af eftirfarandi einkennum á meðan þú tekur Parkódín forte gæti það verið merki um að þú sért orðin(n) háð(ur) eða sért haldin(n) fíkn.

- Þú þarft að taka lyfið lengur en lækurinn hefur ráðlagt

- Þú þarft að taka meira en ráðlagðan skammt

- Þú gætir fundið fyrir því að þú þurfir að halda áfram að nota lyfið þitt, jafnvel þótt það hjálpi ekki til við að lina sársauka

- Þú notar lyfið af öðrum ástæðum en ávísað er, t.d. „til að halda ró“ eða „hjálpa þér að sofa“

- Þú hefur gert ítrekaðar, árangurslausar tilraunir til að hætta eða stjórna notkun lyfsins

- Þegar þú hætir að taka lyfið líður þér illa og þér líður betur eftir að hafa tekið lyfið aftur

(„fráhvarfsáhrif“)

Ef þú tekur eftir einhverjum þessara teikna skaltu ræða við læknum þinn til að ræða bestu meðferðarleiðina fyrir þig, þar á meðal hvenær rétt er að hætta og hvernig eigi að hætta á öruggan hátt (Sjá kafla 3, Ef þú hætir að taka Parkódín forte).

Meðan á meðferð með Parkódín forte stendur skal segja læknum strax frá því:

- ef þú ert með alvarlegan sjúkdóm, þar með talið verulega skerta nýrnastarfsemi eða sýklasótt (þegar bakteríur og eiturefni þeirra eru í blóðrásinni sem leiðir til líffæraskaða) eða þú þjáist af vannæringu, ert með langvinna drykkjusýki eða ert einnig að taka flúkloxacillin (sýklalyf). Tilkynnt hefur verið um alvarlegt ástand sem kallað er efnaskiptasýring (afbrigðileiki í blóði og líkamsvökvum) hjá sjúklingum við þessar aðstæður þegar parasetamól er notað í ráðlögðum skömmtum í langan tíma eða þegar parasetamól er notað ásamt flúkloxacillíni. Einkenni efnaskiptasýringar geta m.a. verið: alvarlegir öndunarörðugleikar með hraðri og grunnri öndun, syfja, ógleði og uppköst.

Að taka kódein reglulega í langan tíma getur valdið ávanabindingu, sem getur valdið eirðarleysi og þirringi þegar þú hættir að taka töflurnar.

Ef verkjalyf eru tekin of oft og í of langan tíma við höfuðverkjum geta þeir versnað.

Aldrei skal taka meira af Parkódín forte en ráðlagt er. Stærri skammtar auka ekki verkjastillinguna; þeir geta hins vegar valdið alvarlegum lifrarskemmdum. Einkenni lifrarskemmda koma ekki fram fyrr en eftir nokkra daga. Því er mjög mikilvægt að þú hafir samband við læknum eins fljótt og unnt er ef þú hefur tekið meira af Parkódín forte en ráðlagt er í þessum fylgiseðli.

Ensím í lifur breytir kódeini í morfín. Morfín er verkjastillandi efni. Sumir hafa afbrigði af þessu ensími og þau geta haft mismunandi áhrif hjá fólki. Hjá sumum myndast morfín ekki eða í mjög litlu magni og hefur ekki nægileg verkjastillandi áhrif. Aðrir eru líklegri til að fá alvarlegar aukaverkanir því mjög mikið myndast af morfíni. Ef einhver eftirtalinna aukaverkana kemur fram verður þú að hætta að taka lyfið og leita strax ráða hjá lækni: hæg eða grunn öndun, rugl, syfja, lítil sjáöldur, ógleði eða uppköst, hægðatregða, lystarleysi.

#### Svefntengdar öndunarraskanir

Parkódín forte getur valdið svefntengdum öndunarröskunum eins og kæfisvefni (öndunarhlé í svefni) og svefntengdum súrefnisskortum (lágt súrefnismagn í blóði). Einkenni geta m.a. verið öndunarhlé í svefni, að vaknað sé upp um nætur vegna mæði, erfiðleikar við að viðhalda svefni eða óhófleg syfja á daginn. Ef þú eða annar einstaklingur finnur fyrir þessum einkennum skaltu hafa samband við læknum. Hugsanlega þarf læknum að minnka skammtinn.

#### **Börn og unglíngar**

Börn yngri en 12 ára skulu ekki taka Parkódín forte.

Notkun hjá börnum og unglíngum eftir skurðaðgerðir  
Ekki má nota kódein til verkjastillingar hjá börnum og unglíngum eftir háls- og nefkirtlatöku vegna kæfisvefnsheilkennis.

Notkun hjá börnum og unglíngum með öndunarvandamál  
Notkun kódeins er ekki ráðlögð hjá börnum eða unglíngum með öndunarvandamál, þar sem einkenni morfíneitrunar geta verið verri hjá þessum börnum.

#### **Notkun annarra lyfja samhliða Parkódín forte**

Látid læknum eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Þetta er sérlega mikilvægt er um er að ræða:

- Lyf við þunglyndi
- Lyf sem valda svefnhöfuga eða syfju (lyf sem bæla miðtaugakerfið) svo sem svefntöflur, kvíðastillandi lyf eða svæfingarlyf
- Lyf sem notuð er til að þynna blóðið svo sem warfarín
- Lyf við óreglulegum hjartslætti svo sem kínidín
- Sýklalyf (t.d. klóramfenikól, rífampicín)

- Flúkloxacillín (sýklalyf), vegna mikillar hættu á afbrigðileika í blóði og líkamsvökvum (kallað efnaskiptasýring) sem krefst bráðameðferðar (sjá kafla 2).
- Metóklópramíð eða domperidón - notuð við ógleði eða uppköstum
- Kólestryramín - til að lækka þéttni kólesteróls
- Próbenecíð - notað við þvagsýrugigt
- Náttúrulyfið jóhannesarjurt
- Cimetidín - notað við brjóstsviða og magasárum
- Önnur verkjalyf
- Barbitúröt (t.d. fenóbarbital)
- Lyf við flogaveiki (t.d. fenýtóín, karbamazepín)
- Getnaðarvarnarpillur til inntöku
- Gabapentín eða pregabalín til meðferðar við flogaveiki eða verkjum vegna taugakvilla (taugaverkir)

Samhliðanotkun Parkódín forte og róandi lyfja svo sem benzódízsepinlyfja eða skyldra lyfja eykur hættu á syfju, öndunarerfiðleikum (öndunarbælingu), dauðadáti og getur verið lífshættuleg. Vegna þessarar áhættu skal einungis íhuga samhliðanotkun þegar engin önnur meðferð er möguleg. Hins vegar ef að læknirinn ávísar Parkódín forte ásamt róandi lyfjum á læknirinn að takmarka skammtinn og meðferðarlengdina.

Láttu lækninn vita af öllum róandi lyfjum sem að þú tekur og fylgdu nákvæmlega fyrirmælum læknisins um skammta. Gagnlegt getur verið að upplýsa vini eða vandamenn um þau teikn og einkenni sem lýst er hér að ofan. Hafðu samband við lækninn ef slík einkenni koma fram.

**Ekki skal taka nein önnur lyf sem innihalda parasetamól á meðan Parkódín forte er notað**  
Þetta á við um sum verkjalyf og lyf við hósta og kvefi. Þetta á einnig við um ýmis önnur lyf sem lækna ávísa og lyf sem fást í lausasölu í apótekum.

#### **Notkun Parkódín forte með mat, drykk eða áfengi**

Þú skalt ekki drekka áfengi á meðan þú tekur þessar töflur. Þetta er vegna þess að áfengi getur aukið hættu á alvarlegum aukaverkunum.

#### **Meðganga og brjóstagið**

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Ekki skal nota Parkódín forte á meðgöngu nema samkvæmt ráðleggingum læknisins. Regluleg notkun á meðgöngu getur valdið fráhrarfseinkennum hjá nýburanum. Ef lyfið er notað skal nota minnsta mögulegan skammt til að draga úr verknum og/eða hitanum og nota það í eins stuttan tíma og hægt er.

Ekki taka Parkódín forte samhliða brjóstagið, þar sem það berst í brjóstamjólk.

#### **Akstur og notkun véla**

Þú gætir fundið fyrir sundli eða syfju á meðan þú tekur Parkódín forte. Ef þetta gerist skalt þú ekki aka eða nota önnur tæki eða vélar.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

#### **Parkódín forte inniheldur natríum**

Lyfið inniheldur minna en 1mmól (23 mg) af natríum í hverri töflu, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

### **3. Hvernig nota á Parkódín forte**

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Áður en meðferð hefst og reglulega meðan á meðferð stendur mun læknirinn ræða við þig hverju þú mátt búast við af notkun Parkódín forte, hvenær og hversu lengi þú þarft að nota það, hvenær þú átt að hafa samband við lækinn og hvenær þú þarft að hætta notkun (sjá einnig, Ef þú hættir að taka Parkódín forte).

- **Ekki taka meira en ráðlagðan skammt**
- **Ekki taka lyfið í meira en 3 daga. Ef verkurinn hefur ekki lagast eftir 3 daga skalt þú leita ráða hjá læknum**

Parkódín forte skal nota í eins stuttan tíma og nauðsynlegt er til að draga úr einkennum. Ef áhrifarík verkjastilling næst ekki meðan lyfið er tekið, skalt þú leita ráða hjá lækni.

Takið lyfið inn um munn.

Kyngið töflunum heilum með vatni. Ef þörf krefur má brjóta töfluna í tvennt til að auðveldara sé að kyngja henni.

#### Fullorðnir

- Ráðlagður skammtur af Parkódín forte er 1 eða 2 töflur
- Bíðið í a.m.k. 4 klst. áður en annar skammtur er tekinn
- Ekki taka meira en 8 töflur á neinu 24 klst. tímabili
- Aldraðir fá hugsanlega ávísað minni skammti
- Sjúklingar með nýrnavanamál gætu þurft að láta líða lengra á milli skammta

#### Unglingar yfir 50 kg, 16 ára og eldri

- Ráðlagður skammtur af Parkódín forte er 1 eða 2 töflur
- Bíðið í a.m.k. 6 klst. áður en annar skammtur er tekinn
- Ekki taka meira en 8 töflur á neinu 24 klst. tímabili

#### Börn og unglingar 12 til 15 ára

- Ráðlagður skammtur af Parkódín forte er 1 tafla
- Bíðið í a.m.k. 6 klst. áður en annar skammtur er tekinn
- Ekki taka meira en 4 töflur á neinu 24 klst. tímabili

#### Börn yngri en 12 ára

Börnum yngri en 12 ára skal ekki gefa Parkódín forte vegna hættu á alvarlegum öndunarvandamálum.

[*Aðeins fyrir þakkingar fyrir þynnur með barnaöryggi:*]

*Leiðbeiningar um notkun á þynnum með barnaöryggi:*

1. Ekki reyna að þrýsta töflunni beint út úr vasanum. Það er ekki hægt að þrýsta töflunni út í gegnum þynnuna. Þess í stað þarf að fletta þynnunni af.

2. Fyrst skal losa eitt hólf frá þynnunni meðfram rifgötunum.



3. Fletta síðan varlega bakhliðinni frá til að opna vasann




4. Síðan er hægt að taka töfluna úr vasanum

[Aðeins fyrir glös með barnaöryggi:]

Leiðbeiningar um notkun glasa með barnaöryggi:

Þrýstið lokinu niður og snúið til að opna



#### **Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

- Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222) - jafnvel þó ekki sé um að ræða óþægindi.
- Mundu að hafa það sem eftir er af töflunum og umbúðirnar meðferðis. Þetta er svo lækningin viti hvað þú hefur tekið.

#### **Ef gleymist að taka Parkódín forte**

Ef þú gleymir að taka skammt á réttum tíma skalt þú taka hann um leið og þú manst eftir því. Ef hins vegar er næstum komið að næsta skammti skal sleppa skammtinum sem gleymdist. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka. Mundu að láta a.m.k. 4 klst. líða á milli skammta fyrir fullorðna og 6 klst. á milli skammta hjá börnum og unglíngum.

#### **Ef hætt er að nota Parkódín forte**

##### **Að breyta eða hætta meðferð**

Notkun Parkódín forte í langan tíma getur valdið þoli og ávanabindingu. Ef þú hefur tekið reglulega dagsskammta af Parkódín forte í langan tíma gætir þú fundið fyrir fráhrarfseinkennum ef meðferð er hætt skyndilega. Hafðu samband við lækningu og fáðu ráðleggingar um hvernig hætta skal notkun taflnanna smám saman til að forðast fráhrarfseinkenni.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

#### 4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

##### Mikilvægar aukaverkanir sem þú þarft að vita um

- Ef verkjalyf eru tekin við höfuðverkjum of oft í of langan tíma geta þeir versnað.
- Ef kódein er tekið reglulega í langan tíma getur það valdið ávanabindingu, sem getur valdið eirðarleysi og þirringi þegar hætt er að taka töflurnar

##### Hættu að taka Parkódín forte og leitaðu til læknis eða farðu á sjúkrahús án tafar ef:

- Þú átt erfitt með öndun eða sundlar
- Hendur, fætur, ökkjar, andlit, varir eða háls þrútna, sem getur valdið kyngingar- eða öndunarerfiðleikum. Þú gætir einnig fengið upphleypt útbrot með kláða (ofsakláða). Þetta geta verið einkenni **ofnæmisviðbragða** við Parkódín forte.
- Þú færð alvarleg húðviðbrögð. Greint hefur verið frá örfáum tilvikum.

##### Láttu lækninn strax vita ef þú færð neðangreinda alvarlega aukaverkun:

- Alvarlegan magaverk, sem getur náð aftur í bak. Þetta getur verið einkenni brisbólgu. Þetta er aukaverkun sem kemur örsjaldan fyrir.

##### Aðrar aukaverkanir:

##### Algengar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum:

Svefnhöfgi, höfuðverkur, óeðlileg svitamyndun, ógleði, uppköst, hægðatregða, þreyta.

##### Sjaldgæfar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum:

Sundl, sjóntruflanir, munnþurrkur.

##### Mjög sjaldgæfar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum:

Sýkingar eða mar af minna tilefni en venjulega. Þetta getur verið vegna blóðvandamála (svo kemur kynningahraps, daufkynningafæðar, blóðfrumnafæðar, blóðleysis eða blóðflagnafæðar). Svefnvandamál, mæði, gulnun húðar eða hvítu augna (einkenni lifrarskemmda), húðútbrot.

##### Tíðni ekki þekkt: ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum:

Alvarlegt ástand sem getur valdið því að blóðið súrnar (kallað efnaskiptasýring) hjá sjúklingum með alvarlega sjúkdóma sem nota parasetamól (sjá kafla 2).

Vandamál sem hefur áhrif á loka í þörmum (starfstruflun í hringvöðva gallrásar).

#### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

#### 5. Hvernig geyma á Parkódín forte

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið lyfið á öruggu og tryggu geymslurými þar sem aðrir hafa ekki aðgang að því. Það getur valdið alvarlegum skaða og verið banvænt fyrir fólk þegar það er ekki ætlað þeim.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni, glasinu eða þynnunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluáðstæður lyfsins.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Parkódín forte inniheldur**

Virku innihaldsefni eru paracetamol og kódeinfosfathemihýdrat. Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 500 mg af parasetamóli og 30 mg af kódeinfosfati.

Önnur innihaldsefni eru póvídón (K29/K32), magnesíumsterat, vatnsfrí kísilkvoða, talkúm (E553b), natríumkroskarmellósi, kópóvídón (25,2 30,8), örkristallaður sellulósi, hýprómellósa (E464), makrógól (E1521) og títantvíoxíð (E171).

Parkódín forte inniheldur natríum. Sjá kafla 2.

### **Lýsing á útliti Parkódín forte og pakkningastærðir**

Parkódín forte 500 mg/30 mg filmuhúðaðar töflur eru hvítar, sporöskjulaga, 8,5 x 17 mm, tvíkúptar töflur, merktar „5 3“ á annarri hliðinni með deiliskoru á hinni.

#### *Pakkningastærðir:*

Hvítar PVC/álþynnur eða hvítar PVC/ál/PET/pappírþynnur með barnaöryggi: 8, 10, 16, 20, 24, 30, 40, 50, 90 og 100 filmuhúðaðar töflur.

Hvít töfluílát úr plasti með hvítu skrúfloki með barnaöryggi: 50, 100 og 200 filmuhúðaðar töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi**

Teva B.V.  
Swensweg 5  
2031 GA Haarlem  
Holland

### **Framleiðandi**

Balkanpharma-Dupnitsa AD  
3 Samokovsko Shosse Str.  
Dupnitsa 2600  
Búlgarí

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í febrúar 2026.**